# Tilkynning um stækkun á farmrými eða yfirbyggingu

Stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar flokkast sem meiriháttar breytingar. Lesa má um ítarlegt ferli vegna breytinga inn á síðunni: Breytingar á skipum og bátum | Ísland.is (island.is)

Sé fyrirhugað að stækka farmrými eða yfirbyggingu skal útgerð:

a. Senda Samgöngustofu rafræna beiðni um yfirferð á og samþykkt smíðalýsinga, teikninga og annarra gagna. Sjá RAF-0036, https://eydublod.samgongustofa.is/20635888934085683785

b. Senda skal Samgöngustofu upplýsingar um eftirfarandi, eftir því sem við á:

   a. Teikningar sem sýna eftirfarandi:

      - Breytingar á farmrými eða yfirbyggingu
      - Burðarþolsútreikningar ef breyting hefur áhrif á burðarþol

   b. Upplýsingar um þyngdarbreytingar og áhrif breytinganna á þyngdarpunkts skips og stöðugleika.

   c. Áhrif breytinganna á burðargetu skipsins.

Við stækkun á farmrými eða yfirbyggingu þarf að breyta skráningu skips ásamt því að gefa út nýtt mælibréf og þjóðernisskírteini fyrir skip stærri en 15 m. Fyrir báta undir 15 m þarf að gefa út nýtt mælibréf og skrásetningarskírteini.